


# OECD *Multilingual Summaries*

## Economic Policy Reforms 2011: Going for Growth

Summary in Icelandic



## Umbætur á efnahagsstefnu 2011: Stefnt að vexti

Útdráttur á íslensku

- Efnahagsbatinn í heiminum eftir mestu niðursveiflu frá kreppunni miklu er hafinn en er enn of háður örvunaraðgerðum. Hann hefur enn ekki dregið verulega úr miklu og viðvarandi atvinnuleysi víða um lönd. Í skýrslunni Stefnt að vexti 2011 (Going for Growth 2011) er sjónum beint að þörfinni á að endurvekja langtímahagvöxt í kjölfar kreppunnar. Fyrir hvert OECD-land – þ. á m. í fyrsta skipti sex nýmarkaðslönd sem gegna lykilhlutverki (Brasilíu, Kína, Indland, Indónesíu, Rússland og Suður-Afríku) – er bent á fimm tegundir brýnna umbóta sem væru skilvirkustu leiðirnar til að stuðla að langvarandi hagvexti næsta áratuginn. Greiningin sýnir að margar þessara umbóta gætu einnig aukið aðhald í opinberum fjármálum, sem mikil þörf er á, og stuðlað að því að rétta af viðskiptahalla og draga úr of miklum viðskiptaafgangi.
- Þeir hagvísar í skýrslunni sem eru samanburðarhæfir milli landa gera einstökum ríkjum kleift að meta afkomu þjóðarbúsins og kerfislæg stefnumið á ýmsum sviðum.
- Auk þess er að finna í skýrslunni þrjá greiningarkafla um stefnu í húsnæðismálum, skilvirkni heilbrigðiskerfa og tengslin milli kerfislægra stefnumiða og viðskiptaójafnaðar milli landa.

Efnahagsbatinn í heiminum eftir mestu niðursveiflu frá kreppunni miklu hófst fyrir nokkru síðan en er enn of háður örvunaraðgerðum. Hann hefur enn ekki verið nægilega mikill til að draga verulega úr miklu og viðvarandi atvinnuleysi víða um lönd. Þar sem búast má við að örvunaraðgerðir verði smám saman dregnar til baka vegna ósjálfbærrar þróunar á skuldum hins opinbera og að stuðningur gegnum peningastefnu verði líttill sem enginn er helsta áskorunin sem stjórnvöld OECD-ríkja standa nú frammi fyrir að umbreyta efnahagsbata sem er knúinn áfram með opinberum aðgerðum í sjálfbæran hagvöxt. Aðgerðir til að flýta kerfisumbótum, sem hægt hefur á í alheimskreppunni að undanskildu eftirliti á fjármálasviðinu, gætu skipt sköpum að þessu leyti. Í samhengi við efnahagsbatann eftir kreppuna kemur til greina að setja í forgang þær umbætur sem stuðla helst að skammtímavexti og því að atvinnulausir og fólk utan vinnumarkaðar viðhaldi tengslum sínum við vinnumarkaðinn.

Í þessari nýju skýrslu er fyrir hvert OECD-land – þ. á m. í fyrsta skipti sex nýmarkaðslönd sem gegna lykilhlutverki (Brasílu, Kína, Indland, Indónesíu, Rússland og Suður-Afríku) – gerð bent á fimm tegundir brýnna umbóta sem væru skilvirkustu leiðirnar til að stuðla að langvarandi hagvexti næsta áratuginn. Þessar tillögur byggja á kortlagningu á neikvæðum þáttum í afkomu þjóðarþúsins – á grundvelli framleiðni og nýtingu vinnuafns samanborið við þau lönd sem standa best að vígi – og veikleikum í stefnumörkun í hverju landi. Helstu niðurstöður skýrslunnar að því er varðar ákjósanlega forgangsröðun á þessum grundvelli (sjá samantekt í 1. kafla og nánari umfjöllun um hvert land í 2. kafla) eru eftirfarandi:

- OECD-lönd með hærri tekjur standa frammi fyrir ýmsum áskorunum og má gróflega skipta í tvo hópa. Fyrri hópurinn samanstendur fyrst og fremst af löndum á meginlandi Evrópu sem þurfa að auka nýtingu vinnuafns. Umbætur á bótakerfum, aðgerðir gegn tvískiptingu vinnumarkaðar með umbótum á vinnuvernd og aðgerðir til að færa skattbyrði frá vinnuafli eru algengar tillögur, sem og umbætur á vörumerkuðum. Önnur fremur auðug OECD-lönd standa frammi fyrir blandaðri viðfangsefnum, einkum varðandi framleiðni vinnuafns – sér í lagi í asískum aðildarlöndum – og umbætur á eftirliti með veitumörkuðum (e. network sectors), umbætur á erlendum fjárfestingum, skattkerfinu og hinu opinbera.
- OECD-lönd í lægri tekjuhópnum – þ. á m. Chile, Eistland, Ísrael og Slóvenía, sem gerðust aðilar að OECD árið 2010 – og svonefnd BRIICS-lönd standa fyrir mun stærri áskorunum varðandi menntakerfið og eftirlit með vörumerkaði. Umbætur á þessum sviðum miðast að því að bæta framleiðni. Formleysi á vinnumerkaði felur einnig í sér áskoranir í þessum löndum. Í mörgum tilvikum eru þau stefnumál sem setja þyrfti í forgang í BRIICS-löndunum svipuð og hjá OECD-löndum í lægri tekjuhópnum, þótt yfirleitt sé meiri umbóta þörf í BRIICS-löndunum. Aðrar tillögur fyrir BRIICS-löndin og sum OECD-löndin í lægri tekjuhópnum eru m.a. umbætur á lagakerfinu, framfylgd samninga og bætt stjórnþæki til að taka á spillingu.
- Umbætur sem skila fljótt atvinnu- og tekjuávinningi eru vandfundnar í kjölfar kreppu. Á meðal slíkra umbóta eru minni samkeppnishindranir (t.d. í smásölu og hjá menntastéttum), minni stjórnsýslubyrðar fyrir fyrirtæki og afnám hindrana í vegi fyrir beinni erlendri fjárfestingu. Sum forgangsverkefni sem bent er á gætu spornað mjög gegn því að mikið atvinnuleysi festi rætur, sem er mikið áhyggjuefni við núverandi aðstæður. Aðgerðir stjórnvalda á vinnumerkaði vegna kreppunnar – t.d. stytting vinnutíma og lenging og útvíkkun réttinda til atvinnuleysisbóta – drógu í mörgum tilvikum úr aukningu atvinnuleysis og erfiðleikum fyrir starfandi fólk. Eftir því sem efnahagsleg skilyrði þróast gætu aðrar aðgerðir stjórnvalda einnig rennt stöðum undir atvinnusköpun. Þar á meðal eru aukin framlög til og umbætur á virkum aðgerðum stjórnvalda á vinnumerkaði, minnkun tvískiptingar á vinnumerkaði með umbótum á vinnuvernd og bætt skipulag félagslegra greiðslna.
- Núverandi efnahagsaðstæður hafa tvíbent áhrif á getu stjórnvalda til að ráðast í umbætur: Í kjölfar kreppunnar er nauðsyn umbótanna greinilegri en áður, en í mörgum löndum getur veikari fjárhagsstaða hins opinbera aftur á móti verið hindrun. Við þessar aðstæður er afar brýnt að tryggja að umbætur séu í samræmi við hina miklu þörf fyrir aðhald í opinberum fjármálum.
- Kerfisumbætur miðast aðallega að því að bæta tekjumyndun til langs tíma en gætu auk þess haft mikilvæg jákvæð viðbótaráhrif á opinber fjármál. Til dæmis eru atvinnuskapandi umbætur líklegar til að stuðla að bættri fjárhagsstöðu hins opinbera. Ósjálfbær fjárhagsstaða hins opinbera gerir fleiri tegundir kerfisumbóta einnig meira aðkallandi. Einkum gætu umbætur á skattkerfum og/eða hagræðing í mennta- og heilbrigðiskerfum stuðlað að því að rétta af halla á rekstri hins opinbera.

Hagvaxtarhvetjandi kerfisumbætur geta einnig haft jákvæð keðjuverkandi áhrif á núverandi viðskiptahalla margra landa, eins og nánar er fjallað um í 5. kafla. Þótt nokkuð hafi dregið úr ójafnvægi í heimsbúskapnum í kreppunni er það enn mikið bæði í löndum OECD og víðar. Líklegt er að svo verði áfram án opinberra aðgerða. Kerfisumbótum er almennt ekki ætlað að rétta af ójafnvægi í heimsbúskapnum en geta þó haft áhrif á viðskiptajöfnuð með verkun sinni á ákvarðanir heimila og fyrirtækja um sparnað og fjárfestingar. Einnig geta þær breytt sparnaði og fjárfestingum hins opinbera. Nýjar rannsóknir sem greint er frá í þessum kafla benda til þess að ýmsar kerfisumbætur gætu – auk þess að vera ákjósanlegar þess utan – dregið úr ójafnvægi í heimsbúskapnum með því að stuðla að jafnvægi milli sparnaðar og fjárfestinga á mörgum mikilvægum hagsvæðum:

- Þróun velferðarkerfa í Kína og öðrum Asíulöndum myndi hafa jákvæðar félagslegar afleiðingar, en auk þess draga úr þörfinni fyrir umframsparnað sem varúðarráðstöfun þegar hið félagslega öryggisnet er vanþróað og þar með draga úr of miklum viðskiptaafgangi í sumum þessara landa.
- Umbætur á lífeyriskerfum til hækkunar á eftirlaunaaldri myndu auka tekjur og stuðla að því að minnka umframsparnað og viðskiptaafgang í þessum löndum, sem myndi draga úr viðskiptahalla í öðrum löndum.
- Umbætur á vörumörkuðum atvinnugreina svo sem veitufyrirtækja, í smásölu eða sérfræðipjónustu gætu hvatt til aukinna framlaga til fjárfestinga og þar með dregið úr of miklum viðskiptaafgangi í löndum á borð við Japan og Þýskaland.
- Í öðrum löndum gæti afnám neysluhvetjandi rökunarþátta, svo sem frádráttarbærni vaxtagreiðslna af húsnæðislánnum frá skatti þegar ekki er um að ræða skattlagningu húsaleiguígildis, stuðlað að því að auka sparnað heimila og draga úr viðskiptahalla, einkum í Bandaríkjunum, þótt slíkar aðgerðir krefjist aukins jafnvægis í hagkerfinu.
- Umbætur sem gera fjármálamarkaði þróaðri og dýpri gætu losað um hömlur á lántökum í nýmarkaðslöndum og þannig glætt neyslu og fjárfestingar, sem myndi stuðla að því að draga úr þeim mikla viðskiptaafgangi sem gætir í sumum þeirra. Slíkum umbótum þarf að fylgja viðeigandi varfærnisefirlit.
- Á heildina litið gæti sambland af aðhaldi í opinberum fjármálum OECD-ríkja, umbætur á vörumarkaði í Þýskalandi og Japan og aukin opinber framlög til heilbrigðismála (sem nemur 2 prósentustigum af vergri landsframleiðslu) auk opunar fjármagnsmarkaða í Kína minnkað ofangreint ójafnvægi í heimsbúskapnum um u.þ.b. einn þriðja.

Í skýrslunni er að finna sérstakan kafla um húsnæðismál (4. kafli). Vanhugsuð stefnumið á því sviði eru ein helsta orsök kreppu síðustu ára og gætu nú hægt á hreyfanleika vinnuafis og batanum í atvinnumálum. Í kaflanum er að finna nýja stefnumótandi leiðarvísa fyrir húsnæðismarkaðinn og greiningu OECD sem byggir á reynslu. Helstu niðurstöður kaflans eru eftirfarandi:

- Nýjungum á húsnæðislánamarkaði þurfa að fylgja viðeigandi eftirlit og varfærnisreglur um bankastarfsemi. Opnun fjármagnsmarkaða og nýjungar á húsnæðislánamarkaði hafa veitt einstaklingum og fjölskyldum aukinn aðgang að húsnæðislánnum en umbætur á regluverki húsnæðislánamarkaða kunna einnig að hafa valdið umtalsverðum verðhækkunum á húsnæði – sem námu að meðaltali 30% í OECD-ríkjum frá því snemma á níunda áratugnum og fram á miðjan fyrsta áratug þessarar aldar – sem og verðsveiflum.
- Unnt væri að auka svörun í framboði húsnæðis við eftirspurn í mörgum OECD-ríkjum, t.d. með einföldun á íþyngjandi reglum um veitingu framkvæmdaleyfa. Þetta myndi sporna gegn of miklum verðsveiflum á húsnæðismarkaði. Aukin svörun í framboði gæti þó leitt til sveiflukennandi fjárfestinga í íbúðarhúsnæði nema unnt sé að slá á sveiflur í eftirspurn.
- Stefnumið í húsnæðismálum geta stuðlað að hreyfanleika með tilliti til búsetu, því að fólk finni starf við sitt hæfi og atvinnurekendur fái rétt starfsfólk og um leið bætt ástandið á vinnumarkaði. Með lækkun kostnaðar við húsnæðis kaup væri hægt að bæta aðgengi að lánsfé og svörun í húsnæðisframboði. Einnig gæti það bætt hreyfanleika með tilliti til búsetu, sem mætti jafnframt ná fram með því að slaka á stífum reglum um leigumarkað og samband leigjenda og leigusala.
- Stefnumið í húsnæðismálum þurfa að vera skilvirk og gæta jafnræðis. Fyrirkomulag skatta sem hefur skekkjandi áhrif ætti að afnema með því að skattleggja húsnæðisfjárfestingar og aðrar fjárfestingar á sama hátt. Að því gefnu að útfærsla þeirra sé vönduð geta félagsleg húsnæðiskerfi sem beinast markvisst að þeim hafa mesta þörf fyrir þau náð markmiðum sínum með minnstum kostnaði. Vel útfærðar yfirferanlegar húsnæðisgreiðslur kunna þó að vera heppilegri en beinar félagslegar íbúðir því slíkar húsnæðisgreiðslur virðast ekki hindra hreyfanleika með tilliti til búsetu með beinum hætti.

Síðast en ekki síst er að finna í skýrslunni kafla um heilbrigðiskerfi (6. kafli), sem varðar ekki aðeins miklu um velferð fólks heldur einnig langtímahagvöxt. OECD hefur tekið saman gögn til samanburðar milli landa á stefnu stjórnvalda í heilbrigðismálum og skilvirkni heilbrigðiskerfa. Í öllum löndum sem gögnum var safnað um væri unnt að auka hagkvæmni með tilliti til opinberra útgjalda til heilbrigðismála.

- Í OECD-ríkjum væri að meðaltali unnt að auka lífslíkur við fæðingu um meira en tvö ár án þess að auka heilbrigðisútgjöld ef kerfi hvers lands væri eins skilvirk og best gerist.
- Í meira en einum þriðja landanna gæti aukin skilvirkni aukið lífslíkur jafnmikið á áratugnum fram til 2017 og á áratugnum á undan án þess að auka heilbrigðisútgjöld.
- Öðrum kosti gæti aukin skilvirkni heilbrigðiskerfa leitt til sparnaðar sem næmi næstum 2% af vergri landsframleiðslu að meðaltali í OECD-ríkjum.
- Ekki er um að ræða neina eina tegund heilbrigðiskerfa sem skilar ávallt hagkvæmstu útkomunni. Því kann að vera að það sé síður tegund kerfisins sem máli skiptir en það hvernig kerfinu er stjórnað. Stefnumótendur

ættu að taka upp bestu venjur úr mismunandi heilbrigðiskerfum og laga þær að eigin aðstæðum. Alþjóðlegi samanburðurinn sýnir þó að hægt er að ná fram hagræðingu með tilteknum leiðum, t.d. með bættri samræmingu aðila sem koma að heilbrigðisstjórnun, efla aðgangsstýringu, auka sýnilegar greiðslur, bæta upplýsingar um gæði og verð, gera umbætur á fyrirkomulagi greiðslna til aðila sem veita heilbrigðisþjónustu eða bæta reglur um starfsfólk og búnað sjúkrahúsa.

© OECD

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD [www.oecd.org/bookshop](http://www.oecd.org/bookshop)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)  
2 rue André-Pascal, 75116  
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights/](http://www.oecd.org/rights/)

